

Samstarfssamningur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál

Eftirfarandi sveitarfélög á Norðurlandi vestra, Húnaþing vestra, Blönduósþing, Höfðahreppur, Skagabyggð, Húnavatnshreppur, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður gera með sér svofelldan:

Samstarfssamningur

um menningarmál, í tengslum við samning ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál á Norðurlandi vestra, dagsettum 1. maí 2007.

1. grein.

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Norðurlandi vestra með því að beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sameiginlegan farveg og auka um leið frumkvæði og áhrif aðila á Norðurlandi vestra á uppbyggingu og forgangsröðun verkefna á sviði menningarmála.

2. grein.

Menningarráð Norðurlands vestra er sjálfstætt ráð sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hlutverk ráðsins er að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um málaflokkinn. Menningarráð Norðurlands vestra úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra, samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Menningarráð Norðurlands vestra er kosið á ársþingi SSNV (Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra) og skal einn fulltrúi koma frá Húnaþingi vestra, einn fulltrúi frá sveitarfélögum í Austur Húnavatnssýslu, tveir fulltrúar frá sveitarfélögum í Skagafjarðarsýslu og einn fulltrúi skal skipaður af stjórn SSNV.

Menningarráð skal fyrir lok febrúar árið eftir senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um framkvæmd samningsins þar sem m.a. kemur fram skipting framlaga samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna og ríkisins um menningarmál, afrit samninga við styrkþega og mat á árangri verkefna sem hlutu styrk.

3. grein.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að menningarsamningi Norðurlands vestra við ríkið eru skilgreind sem eitt samstarfssvæði um menningarmál.

Lögð er áhersla á samvinnu innan svæðisins og sameiginlega uppbyggingu menningarstarfsemi.

4. grein.

Ríkið greiðir árlega sérstakt framlag til Menningarráðs Norðurlands vestra meðan samningur þessi er í gildi. Það framlag nær til beinna framlaga ríkissjóðs til menningarmála á Norðurlandi vestra annara en þeirra sjálfseignarstofnana eða safna sem fá framlög samkvæmt þjóðminjalögum og lögum um Þjóðskjalasafn.

Að öðru leyti skal Menningarráð Norðurlands vestra veita fjármagni þessu m.a. til:

- Að efla samstarf um menningarmál innan svæðisins og styðja við þau verkefni er hafa menningarlegt gildi.
- Verkefna er hafi það hlutverk að skilgreina menningarlegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða.
- Að styðja við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni.
- Að efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og lista.
- Að styðja starfsemi menningartengdrar ferðaþjónustu og verkefna sem laðað geta ferðamenn til Norðurlands vestra.

Menningarráð Norðurlands vestra skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki af því fjármagni sem það hefur til umráða samkvæmt samningi ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál. Sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar geta sótt um styrki til menningarráðsins. Við úthlutun styrkja skal m.a. hafa gæði verkefna og fjölbreytni menningarstarfs í huga. Skilyrði fyrir úthlutun er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins.

5. grein.

Framlög sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til menningarmála, á samningstímanum, nemi árlega ekki lægri fjárhæð en við undirritun samningsins. Stefnt skal að því að sveitarfélögin verji auknu fjármagni til menningarmála á gildistíma samningsins. Skipting þeirra framlaga sem sveitarfélögin leggi sameiginlega til samningsins, það er, verkefnastyrkir og rekstarkostnaður, verði miðuð við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember árið áður.

6. grein.

Telji samningsaðilar að samningsbundnum skyldum sé ekki fullnægt geta þeir gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Menningarráð Norðurlands vestra annast umsýslu slíkra mála. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

7. grein.

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kunna vegna samnings þessa skulu þau rekin fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

8. grein.

Samningur þessi gildir til ársloka 2009. Eigi síðar en 6 mánuðum fyrir þann tíma munu aðilar kanna grundvöll fyrir áframhaldandi samningi.

9. grein.

Samningur þessi er gerður í 7 samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu.

Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Norðurlandi vestra,

2007

Akrahreppur

Blönduóssbær

Húnaþing vestra

Höfðahreppur

Húnavatnshreppur

Sveitarfélagið Skagafjörður

Skagabyggð
